

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. júní 2011
Tilvísun: UST20110500018/jbw

Deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis og deiliskipulag íbúðar- og þjónustusvæði á Suðurtanga, Ísafirði

Umhverfisstofnun barst erindi frá Ísafjarðabæ dags. 3. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um lýsingu á tveimur aðskildum deiliskipulögum neðan við Ásgeirsgötu á Suðurtanga á Ísafirði. Um er að ræða deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis austan megin á tanganum og deiliskipulag íbúðar- og þjónustusvæðis vestan megin á tanganum.

Deiliskipulagssvæðin, lýsingar og umhverfismat

Í lýsingu á deiliskipulagi fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði á Suðurtanga kemur fram að skipulagssvæðið er allt á landfyllingu og að það sé tæplega 12,5 ha að stærð að meðtalinni fyrirhugaðri landfyllingu, rúmlega 3 ha að stærð. Í lýsingu á deiliskipulagi fyrir íbúðar- og þjónustusvæði á Suðurtanga kemur fram að skipulagssvæðið er tæplega 10 ha að stærð og að stór hluti þess sé á landfyllingu, eingöngu vestasti hluti þess er náttúrulegur.

Einnig kemur fram að stefna deiliskipulaganna tveggja sé ekki háð umhverfismati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og að eingöngu kunni efnistaka á hafsbotni utan við deiliskipulagssvæðið vegna fyrirhugaðrar rúmleg 3 ha landfyllingar að vera matsskyld framkvæmd. Umhverfisstofnun bendir á að skv. Skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 5. mgr. 12. gr., skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið þrátt fyrir að stefna skipulagsins falli ekki undir lög nr. 105/2006.

Ekki kemur fram hvers konar iðnaður verði á eystri hluta Suðurtanga, þ.e. innan deiliskipulagssvæðis fyrir hafnar- og iðnaðarstarfsemi.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Á skipulagssvæðunum eru í gildi bæði deiliskipulag og aðalskipulag. Breyta þarf mörkum gildandi skipulags þannið að þau nái að mörkum hinna nýju deiliskipulaga.

Náttúruminjar

Engin svæði innan deiliskipulagssvæðanna eru á náttúruminjaskrá, eru friðlýst eða njóta annarrar verndar. Eitt svæði nýtur hverfisverndar, upprunalega fjaran á vestanverðum Suðurtanga.

Gamlir sorpurðunarstaðir

Í lýsingu á deiliskipulagssvæðunum kemur fram að á uppfyllingarsvæðum á Suðurtanga, m.a. á tveimur svæðum innan deiliskipulagssvæðanna hafi óbrennanlegt sorp verið urðað á síðari hluta áttunda og á níunda áratug síðustu aldar. Umhverfisstofnun bendir á hugsanlega mengun jarðvegs á þessum svæðum. Stofnunin telur brýnt að áður en framkvæmdir við húsgrunna, einkum fyrir íbúðarhús, á gömlu urðunar svæðunum hefjast fari fram rannsókn á styrk mengunarefna í jarðvegi sem geta verið skaðleg fólki/umhverfinu. Ef styrkur þeirra reynist vera yfir skaðsemismörkum/umhverfismörkum er mikilvægt að ráðstafanir verði gerðar til að fyrirbyggja skaðsemi efnanna, s.s. að fram fari jarðvegsskipti þar sem mengaður jarðvegur er fjarlægður og urðaður á viðurkenndum losunarstað.

Úrgangur/sorp

Umhverfisstofnun bendir á að meðhöndlun og frágangur úrgangs/sorps frá starfsemi og íbúðarbyggð á Suðurtanga skuli samræmast kröfum í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Fráveita og skólp, önnur mengunarhætta

Umhverfisstofnunin bendir á að fráveita innan deiliskipulagssvæðanna skuli samræmast kröfum 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnunin telur brýnt að hugað verði vel að mengunarvörnum vegna þeirra starfsemi sem fyrir er og er fyrirhuguð á Suðurtanga. Þannig er mikilvægt að frárennsli frá starfsemi á borð við olíubirgðastöð og matvælaiðnað fari í gegnum olíu- og/eða fitugildirur áður en að það er leitt í sjóinn. Einnig telur stofnunin brýnt að tryggt verði að afrennsli af svæðinu skili sér örugglega með frárennislögnum í sjó. Vegna þess hve Suðurtangi liggur lágt og vegna hárrar sjávarstöðu er þekkt vandamál á tanganum að ræsi og frárennislagnir hafa ekki undan í miklum rigningum eða stórstraumsflóðum. Við slíkar aðstæður berst sjór inn í ræsi, þau yfirfyllast og myndast „bakflæði“ inn í kjallara húsa. Umhverfisstofnun bendir á að með frárennislivatni og sjó geta fylgt mengunarefni, s.s. olía eða grútur úr höfninni, inn í húsinn.

Ekki kemur fram í lýsingu á deiliskipulögunum hvers konar iðnaður/starfsemi verður á

Suðurtanga. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að þegar tillaga að deiliskipulögum liggur fyrir verði fjallað um framangreint og mun stofnunin þá veita umsögn vegna hugsanlegrar mengunarhættu frá iðnaði/starfsemi.


Umhverfisstofnun bendir á að ef fyrirhuguð rúmlega 3 ha landfylling verður gerð með þeim hætti að fyllingarefni er lagt á hafsbötn, að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki, telst það vera varp í hafið í skilningi laga nr. 33/2004. Sækja þarf um leyfi fyrir slíkri framkvæmd til Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laganna þar sem fjallað er um varp efna og lagning sæstrengja og neðansjávarleiðsla.

Neysluvatn


Stofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu á deiliskipulagssvæðunum skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við lýsingu á deiliskipulögum á Suðurtanga á Ísafirði.

Virðingarfyllt



Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri



Jóhanna Björk Weisshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun